Norðurlandaráð

A 1553/näring

Til umfjöllunar í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Málsnúmer: 12-00085-14

Álit efnahags- og viðskiptanefndar um

Þingmannatillögu um norrænt efnahagssamstarf á norðurskautssvæðum

1. Tillaga nefndarinnar

Norðurlandaráð beinir tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

- að kanna möguleika á auknu samstarfi um orkumál við lönd sem eiga hagsmuna að gæta varðandi framboð á gasi frá Barentshafi til Norðurlanda og þá einkum iðnaðar á norðurslóðum

- að kanna forsendur og þörf á sameiginlegum aðgerðum um námurekstur á norðurskautssvæðum, þar á meðal á Grænlandi og í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð

2. Bakgrund

Delar av den finska delegationen i Nordiska rådet har lämnat ett medlemsförslag om att Nordiska rådet (NR) rekommenderar Nordiska ministerrådet(NMR)

att kartlägga möjligheterna till ett ökat bärkraftigt energisamarbete mellan de nordiska länderna och mellan Norden och det övriga Europa

att främja det ekonomiska samarbetet i Arktis och stöda utvecklingen av miljövänlig teknologi och enhetliga miljönormer

att stärka samarbetet mellan Norden och Ryssland i syfte att utveckla den nordliga sjörutten, och öka samarbetet inom järnvägstrafik och telekommunikationer

att verka för att EU i större utsträckning dras in i det arktiska samarbetet och ges möjligheter att delta i utbyggnaden av det, och för att EU blir permanent observatör i Arktiska rådet,

samt att

Nordiska rådet rekommenderar regeringarna i Finland, Norge och Sverige

att etablera gemensamma organ för planeringen av transport- och logistikfrågor samt för gruvdrift och arbetsmarknadsfrågor som berör utvecklingen i Arktis

3. Sjónarmið nefndarinnar

Pólitískt mikilvægi heimskautasvæða verður æ meira enda hafa viðfangsefni á þessum slóðum aukist verulega og orðið sýnilegri á undanförnum árum. Þær miklu breytingar sem eiga sér stað hafa ekki einungis hnattræn áhrif á náttúru, umhverfi og loftslag heldur einnig á samfélög manna á norðurskautssvæðunum.

Nýting náttúruauðlinda eins og olíu, gas og jarðefni skapar fjölmörg stór og krefjandi viðfangsefni á heimskautasvæðum. Athygli margra þjóða og fyrirtækja beinist nú að norðurslóðum þegar náttúruauðlindir annars staðar minnka og nýting þeirra verður kostnaðarsamari. Sumir telja að um fjórðungur olíu- og gaslinda heimsins leynist norðan við heimskautsbaug.

Hætt er við að nýting náttúruauðlinda á heimskautasvæðum valdi miklu álagi á umhverfið og stórauki hættu á umhverfishamförum. Íbúar norðurslóða munu ekki fara varhluta af því þegar „stóriðnaðurinn mætir fámennum samfélögum“ og því verður öll starfsemi á þessum svæðum að vera sjálfbær og taka tillit til umhverfisins sem og kjara og aðstæðna heimamanna. Mestu máli skiptir þó að leggja sig fram um að hlífa afar viðkvæmri náttúrunni.

Með Norðurlönd í fararbroddi verður að efla samstarf um málefni heimskautasvæða með því markmiði að tryggja sjálfbæra þróun í efnahags-, félags- og umhverfismálum og stjórnun þeirra.

Nútímasamfélög eru háð því að orkuframboð sé stöðugt og þau þola aðeins skammvinnt rafmagnsleysi ef komast á hjá alvarlegum truflunum í gangverki samfélagsins. Sökum aukinnar eftirspurnar, hækkandi verðs og ýmissa umhverfis- og loftslagsógna er orkumálastefna í brennidepli á alþjóðavettvangi þar sem orkuöryggi ber æ oftar á góma. Norðurlönd rétt eins og mörg önnur Evrópuríki verða að tryggja orkuveitu til að geta tekist á við viðfangsefni til framtíðar.

Í þingmannatillögunni er lagt til að Norræna ráðherranefndin kanni hvernig efla megi samstarf landanna um orkumál í ljósi þess að orkufrekur iðnaður (t.d. námuvinnsla) eykst á heimskautasvæðum. Þegar fram líða stundir gæti sá mikli olíu- og gasforði sem gert er ráð fyrir að sé í Barentshafi undan ströndum Noregs orðið mikilvæg orkulind fyrir alla Evrópu, þó einkum norðurslóðir. Nefndin telur að þetta þurfi að kanna enn betur og að sú rannsókn taki mið af umhverfi, andrúmslofti og sjálfbærni. Nýting náttúruauðlinda á heimskautasvæðum verði að vera verjandi frá sjónarhóli sjálfbærni og umhverfis og grípa skuli til bestu fáanlegu tækni til að hlífa viðkvæmri náttúrunni sem best.

Nefndin hefur ásamt umhverfis- og náttúruauðlindanefnd sett fram tilmæli (tilmæli 23/2011/næring) um orkunýtni, endurnýjanlega orku og orkurannsóknir þar sem meðal annars er vísað til samninga sem Norðmenn, Danir og Svíar gerðu við Bretland, Írland, Frakkland, Þýskaland og Benelux-löndin í desember 2010 þess efnis að kannaðar verði forsendur fyrir raforkuneti í Norðursjó, svonefndu North Sea Grid Initiative (NSG). Í tillögunni kemur fram að Norrænu ráðherranefndinni beri að taka frumkvæði að því að þau lönd sem málið varðar geri sambærilega könnun um gasflutninga frá Barentshafi til Norðurlanda.

Umhverfisvæn tækniþróun er ofarlega á dagskrá stjórnmála á Norðurlöndum. Það kemur skýrt fram í hnattvæðingarstarfi því sem norrænu

forsætisráðherrarnir hófu með því markmiði að takast á við áskoranir hnattvæðingar. Unnið er að fjölda norrænna verkefna en Öndvegisrannsóknaáætlunin er stærsta sameiginlega verkefnið um rannsóknir og nýsköpun sem ýtt hefur verið úr vör. Með því að virkja hæfustu krafta í þekkingarumhverfi og atvinnulífi landanna leggja Norðurlönd sitt af mörkum til að leysa loftslagsvandann í heiminum. Öndvegisrannsóknaáætlunin samanstendur af rannsóknaverkefnum um heimskautasvæðin (t.d. NCoE SVALI – Stability and Variations of Arctic Land Ice og NCoE CRAICC – Cryosphere-Atmosphere Interactions in a Changing Arctic Climate) með því skýra markmiði um að vera sameiginlegur vettvangur fyrir ferlarannsóknir og greiningar, miðlun á aðferðum, rannsóknamenntun og miðlun upplýsinga um niðurstöður rannsókna. Þar af leiðandi telur nefndin að Norræna ráðherranefndin hafi þegar sinnt öðrum málsliði þingmannatillögunnar með Öndvegisrannsóknaáætluninni.

Efnahags- og viðskiptanefnd og umhverfis- og náttúruauðlindanefnd hafa árum saman fjallað um mál sem tengjast samgöngum og grunngerð þeirra. Ráðið setti meðal annars fram tilmæli (tilmæli 17/2008/næring) um að samin yrði norræn framkvæmdaáætlun um loftslagsvænar samgöngur en þá höfðu nefndirnar lagt fram sameiginlega tillögu þar að lútandi. Í tillögunni var gert ráð fyrir auknu norrænu samstarfi um að þróa og notast við orkunýtnar, loftslagsvænar og umhverfisvænar samgöngulausnir í lofti, á láði og legi í norrænu löndunum og milli þeirra. Norræna ráðherranefndin brást fálega við tilmælunum og vísaði til þess að formlegu norrænu samstarfi um samgöngumál hefði lokið þegar skipulagsbreytingar hjá ráðherranefndinni á árinu 2005 leiddu til þess að ráðherranefnd um samgöngumál (MR-Transport) var lögð niður.

Í fyrri álitum nefndarinnar á tilmælum 17/2008/næring benti hún á að brýnt væri að taka þá ákvörðun til endurskoðunar enda stæði hún í vegi fyrir því að hægt yrði að efla samstarf um breytingar og bætur á grunngerð samgangna á Norðurlöndum. Að mati nefndanna ber að skoða öll samgöngukerfi á Norðurlöndum, þar á meðal heimskautasvæðum, sem eina heild og þá í ljósi stærri samgöngulausna í löndunum, milli landanna og annarra Evrópulanda sem og um allan heim. Nefndirnar telja því óheppilegt að norrænu ríkisstjórnirnar láti undir höfuð leggjast að dýpka samstarf um samgöngur og grunngerð þeirra og gera það meira skuldbindandi.

Þann 30. ágúst 2011 sátu fulltrúar nefndanna fund norrænu og baltnesku samgönguráðherranna (NB8) í Reykjavík þar sem tilmæli ráðsins voru til umræðu. Ráðherrarnir voru almennt mótfallnir því að gerð yrði sameiginleg framkvæmdaáætlun og töldu að óformlegur vettvangur NB-ríkjanna nægði til að skiptast á reynslu. Auk þess hentaði betur að fjalla um grunngerð samgangna í tvíhliða viðræðum ríkja og á vettvangi Norðlægu víddar ESB um samgöngumálasamstarf. Þá töldu ráðherrarnir vandkvæðum bundið að fylgja framkvæmdaáætlun eftir þar sem norrænar fjárveitingar til samstarfs um samgöngumál væru ekki fyrir hendi.

Nefndirnar hafa einnig sett fram tillögu (tilmæli 18/2011/miljø) um aukið siglingaöryggi og umhverfisvernd á heimskautasvæðum. Í tilmælunum er bent á hættu sem skapast af aukinni umferð um heimskautshöf og að vaxandi þörf sé á alþjóðlegu samstarfi ríkja og annarra aðila á heimskautasvæðum.

Í ljósi þessa telja nefndirnar við hæfi að kveða fastar að orði í nýrri tillögu sem nái til allra samgangna og grunngerðar þeirra því brýn þörf sé á samhentu átaki og norrænni framkvæmdaáætlun um samgöngur og grunngerð þeirra sem taki einnig til þróunar á heimskautasvæðum. Báðar nefndir hafa tilnefnt tengiliði sem setji fram tillögu að norrænni stefnu um samgöngur og grunngerð þeirra.

Nefndin telur því að brýnn vandi steðji að námuvinnslu á Norðurlöndum eins og bent er á í þingmannatillögunni. Námurekstur hefur löngum gegnt miklu hlutverki í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð og verið einn af undirstöðuatvinnuvegunum, einkum á norðurslóðum. Námurekstur er einnig mikilvægur atvinnuvegur í Grænlandi. Norrænu löndin geta því nýtt sér reynslu hvert annars í nánara samstarfi, einkum á þremur sviðum en það eru námutækni og -öryggi, ráðning á hæfu vinnuafli og samgöngur og skipulagsmál tengd námurekstri.

Í tillögunni er lagt til að settur verði á laggirnar sameiginlegur vettvangur um skipulagsmál o.þ.h. í tengslum við námurekstur, samgöngur, skipulagsmál og vinnumál. Nefndin telur ekki ástæðu til að nýr vettvangur verði stofnaður nema að vel yfirveguðu máli enda gæti hann haft mikinn kostnað í för með sér. Nefndin leggur því til að Norræna ráðherranefndin rannsaki og kanni þörf á sameiginlegum aðgerðum í tengslum við námurekstur, til dæmis samgöngu- og skipulagslausnir á heimskautasvæðum, þar á meðal í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi. Námuvinnsla á Grænlandi felur í sér mikil sóknarfæri og því er ástæða til að taka hana með í könnuninni.

Í þingmannatillögunni er lagt til að ráðherranefndin beiti sér fyrir því að ESB komi í auknum mæli að samstarfi um málefni heimskautasvæðisins, að sambandinu verði gefinn kostur á að taka þátt í þróun á þeim slóðum og fái fasta áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu. Samkvæmt verkaskiptingu í Norðurlandaráð sér forsætisnefndin um utanríkismál og yfirgrípandi samskipti við önnur alþjóðleg samtök á við ESB. Forsætisnefnd hefur lagt fram stefnumótun um samskipti ráðsins við ESB undir yfirskriftinni „Rödd Norðurlanda í ESB“ en meginmarkmiðið er aukin áhersla á sameiginleg norræn samskipti við ESB. Nefndirnar hafa því falið forsætisnefndinni að fjalla nánar um málið.

4. Niðurstaða

Í ljósi þess sem hér hefur komið fram leggur efnahags- og viðskiptanefnd til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

- að kanna möguleika á auknu samstarfi um orkumál við lönd sem eiga hagsmuna að gæta varðandi framboð á gasi frá Barentshafi til Norðurlanda og þá einkum iðnaðar á norðurslóðum

- að kanna forsendur og þörf á sameiginlegum aðgerðum um námurekstur á norðurskautssvæðum, þar á meðal á Grænlandi og í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð

Nuuk, 27. júní 2012

Annette Lind (S), varaformaður
Arto Pirttilahti (cent)
Billy Gustafsson (S)
Bjørt Samuelsen (Tj.)
Eeva-Johanna Eloranta (sd)
Eero Suutari (saml)
Jessica Polfjärd (M), formaður
Per Olaf Lundteigen (Sp)
Tone Merete Sønsterud (A)
Torgeir Trældal (FrP)
Wille Valve (MÅ)

Þingmannatillögu
om nordiskt ekonomiskt samarbete i Arktis

Det arktiska området är under stark omvandling. Klimatförändringarna, den smältande isen och naturrikedomarna gör att en helt ny bild av området nu träder fram. Nya farleder i de nordliga vattnen utforskas aktivt och naturresurserna blir allt mera tillgängliga. Nya gruvor öppnas och olje- och gasfyndigheter utvecklas. Turismens betydelse ökar.

Politiskt håller Arktis på att bli en allt viktigare region. Alla nordiska stater har under de senaste åren utformat arktiska strategier. Omvärlden visar också ett allt större intresse för utvecklingen i området. Norden har haft en viktig roll i denna politiska utveckling. De nordiska länderna, fem av åtta medlemmar, har en stark position i Arktiska rådet. Det är viktigt att vi tillsammans fortsätter att aktivt backa upp rådet som den primära organisationen för arktiskt samarbete.

Förändringarna i Arktis innebär stora möjligheter. Våra länder har goda förutsättningar att vara centrala aktörer i det framtida samarbetet. Vi kan bidra till en bärkraftig ekonomisk utveckling som gynnar våra länder i sin helhet, och beaktar de intressen som befolkningen som bor i området har. För att klara framtidens utmaningar måste vi satsa på utbildning och på att stärka den kompetens vi redan har i våra respektive länder inom forskning och teknologi- och produktutveckling. I detta arbete bör vi utgående från en bärkraftig utveckling kombinera de krav som en ekonomisk, social och miljömässig utveckling ställer för att främja en grön ekonomi. Målet bör vara att skydda biodiversiteten och att spara naturresurser genom ett effektivare resursutnyttjande.

Nordiska ministerrådets nya arktiska samarbetsprogram, som sätter befolkningen i centrum, utgör en god grund för det övergripande samarbetet mellan våra länder. I programmet ingår bl.a. åtgärder för att underlätta anpassningen till klimatförändringarna, och för att uppmärksamma ursprungsbefolkningens behov. I tillägg behövs konkreta åtgärder för att underlätta det ekonomiska samarbetet i regionen och för att ta fasta på EU:s möjligheter att öka sitt engagemang i detta samarbete. Under de närmaste åren behövs nya insatser för att stärka de nordiska ländernas position särskilt inom denna del av samarbetet. Målet bör vara att främja den ekonomiska utvecklingen i området på ett sätt

som är ansvarsfullt och ekologiskt hållbart. För detta krävs ett intensifie-intensifierat samarbete mellan alla nordiska länder, och i vissa konkreta frågor som berörs här särskilt mellan Finland, Norge och Sverige.

Ett problem i våra nordliga områden är traditionellt kommunikationerna och transport-förbindelserna över gränserna. Ett uppsving i det ekonomiska samarbetet ställer nya krav på goda transportleder. Fungerande och effektiva transporter ger också Norden en stark position när det globala transportmönstret förändras. Det är inte enbart fråga om transporter via hamnar i norr längs den nordliga sjörutten till Asien. Också transitotrafiken mellan Sydeuropa och hamnarna i norr kan i framtiden bli av stor betydelse när nya väg- och järnvägsförbindelser byggs ut i Europa. I synnerhet på det här området behövs ett närmare samarbete mellan Finland, Norge och Sverige. Det förs en diskussion mellan våra länder om olika nya järnvägs- och vägprojekt. Vi skulle emellertid ha mycket att vinna på att gå ett steg längre och tillsätta gemensamma organ med ansvar för planeringen av sådana projekt. Vi behöver en planering som betraktar regionen som en helhet och ser till att våra länder får så stor gemensam nytta som möjligt av den kommande utvecklingen.

En viktig fråga i detta sammanhang är också samarbetet med Ryssland. Det finns stora för-väntningar på den nordliga sjörutten till Asien. De nordiska länderna kan erbjuda det kunnande som behövs för att bygga ut en farled som är miljövänlig och uppfyller höga krav på säkerhet och effektivitet. De nordiska länderna bör också intensifiera sitt arbete för enhetliga internationella regler för säkerhet och miljöskydd inom sjöfarten i Arktis. I det här arbetet vi kan också dra nytta av de resultat som har uppnåtts inom Östersjösamarbetet för att öka säkerheten och minska miljöriskerna inom sjöfarten. Mobilnät och bredbandsförbindelser behöver också stärkas och byggas ut, särskilt i de områden i Ryssland som gränsar till den nordliga sjörutten. Tillsammans kan vi också uppmuntra Ryssland till ett ökat samarbete i järnvägstrafiken och för att underlätta gränsövergångar. Åtgärder på det här området är centrala för att säkra förbindelserna till våra globala marknader också på lång sikt. Inom den Nordliga Dimensionens politik (ND) har ett nytt partnerskap för transport och logistik etablerats. ND transport- och logistiksamarbetet kan tillsammans med såväl nationella som gemensamma nordiska insatser ge betydelsefulla synergieffekter och konkreta resultat. Det är i de nordiska ländernas intresse att transport- och logistikpartnerskapet utvecklas till ett viktigt instrument för ett konkret projektsamarbete. Norden befinner sig i en viktig knutpunkt för framtida transportrutter och farleder. Det nordiska samarbetet i riktning mot Kanada och USA behöver också intensifieras med tanke på att nya nordliga farleder på sikt förväntas bli av betydelse också i den riktningen. Island och Danmark kan här få en viktig position.

Gruvnäringen ökar också snabbt i betydelse. Traditionellt har gruvdriften i Sverige varit viktig, och under senaste tid har många nya gruvor öppnats i Finland. Planeringen av ytterligare projekt pågår i länderna. Norge antas också ha goda förutsättningar, och de geologiska undersökningarna har intensifierats. En gemensam syn på gruvverksamheten, och enhetliga regler för etablering och drift av gruvor är därför av stor betydelse för framtiden. Ett utökat nordiskt forsknings- och utvecklingssamarbete i syfte att prioritera en teknologi som minimerar miljöriskerna skulle vara ett starkt stöd i detta arbete. Inom EU/EES behövs också ett närmare samarbete inom produktionen och förädlingen av strategiskt viktiga mineraler. I Finland och Sverige utvinns många för hela EU viktiga råvaror. Om utvecklingen går framåt så snabbt som man nu kan förvänta sig, finns det också ett starkt behov av samarbete inom arbetskraftspolitiken mellan Finland, Norge och Sverige, för att motverka bristen på arbetskraft och förebygga en osund konkurrens.

Ökad industriell aktivitet i norr, särskilt gruvdriften, kräver tillgång till mera energi. I Barentshavet utanför Norge finns stora olje- och naturgastillgångar, och det finns också goda förutsättningar för regionen att utvecklas till en betydande producent av vatten- och vindkraft, på sikt eventuellt också vågkraft. Särskilt gasen från Barentshavet kan bli en viktig energiresurs för hela Europa. En möjlighet för framtiden kan vara att bygga ut ett gasnät som förser industrin i norr med energi och sedan fortsätter söderut mot Centraleuropa.

EU kan med sina resurser utgöra ett starkt stöd för Norden, när det arktiska samarbetet byggs ut. En viktig förutsättning är emellertid att EU också får en klar roll inom samarbetet och accepteras som permanent observatör i Arktiska rådet. För närvarande pågår inom EU arbetet på att planera ett arktiskt informationscentrum. Avsikten är att detta EU-informationscentrum etableras i Rovaniemi, i anslutning till Finlands Arktiska centrum, och att centret fungerar som ett nätverk mellan forskningsinstitutioner runt om i Europa. En stark uppslutning i Norden kring detta centrum främjar också samarbetet med och inom EU i arktiska frågor.

Undertecknade föreslår att

Nordiska rådet rekommenderar Nordiska ministerrådet

att kartlägga möjligheterna till ett ökat bärkraftigt energisamarbete mellan de nordiska länderna och mellan Norden och det övriga Europa

att främja det ekonomiska samarbetet i Arktis och stöda utvecklingen av miljövänlig teknologi och enhetliga miljönormer

att stärka samarbetet mellan Norden och Ryssland i syfte att utveckla den nordliga sjörutten, och öka samarbetet inom järnvägstrafik och telekommunikationer

att verka för att EU i större utsträckning dras in i det arktiska samarbetet och ges möjligheter att delta i utbyggnaden av det, och för att EU blir permanent observatör i Arktiska rådet

och att

Nordiska rådet rekommenderar regeringarna i Finland, Norge och Sverige

att etablera gemensamma organ för planeringen av transport- och logistikfrågor samt för gruvdrift och arbetsmarknadsfrågor som berör utvecklingen i Arktis.

Helsingfors den 5 mars 2012

Anne Louhelainen (saf)
Arto Pirttilahti (cent)
Eeva-Johanna Eloranta (sd)
Eeva Maria Maijala (cent)
Eero Suutari (saml)
Juho Eerola (saf)
Kimmo Sasi (saml)
Lauri Heikkilä (saf)
Maria Tolppanen (saf)
Simo Rundgren (cent)
Wille Valve (MÅ)